

anda, Bifreiðastöðinni Stefni s.f., Akureyri, kr. 32.248.16 með 6% ársvöxtum frá 7. janúar 1961 til greiðsludags, kr. 4.000.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að telja.

Dóminum má fullnægja með aðför að lögum.

---

Mánudaginn 25. marz 1963.

Nr. 134/1962. **Jóhann Þorsteinsson og Hulda Aradóttir**  
(Páll S. Pálsson hrl.)

gegn

**Kristjáni Eiríkssyni** (sjálfur) og gagnsök

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Ómerking fjárnámsgerðar.

### Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjendur hafa, að fengnu áfrýjunarleyfi 5. október f. á., skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu sama dag. Krefjast þau þess, að hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði úr gildi felld og gagnáfrýjanda dæmt að greiða þeim málskostnað í Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 12. nóvember 1962, að fengnu gagnáfrýjunarleyfi 5. s. m. Hann krefst þess aðallega, að aðalsök verði vísað frá Hæstarétti, en til vara, að hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði staðfest. Þá krefst hann og málskostnaðar í Hæstarétti úr hendi aðaláfrýjenda in solidum.

Samkvæmt ákvörðun Hæstaréttar hefur málflutningur um formsatriði og efnis farið fram samtímis, sbr. 48. gr. laga nr. 57/1962.

### I.

Aðalkröfu sína reisir gagnáfrýjandi á því, að af aðaláfrýjenda hálfu hafi verið brotið svo gegn ákvæðum 41. og

42. gr. laga nr. 57/1962, að varða eigi frávisun aðalsakar frá Hæstarétti.

Rekstur aðalsakar hefur í stórum dráttum verið þessi fyrir Hæstarétti:

Aðalsök var þingfest 2. nóvember 1962 og málinu því næst frestað í fjóra mánuði samkvæmt ákvæðum 41. gr. laga nr. 57/1962. Er málið kom fyrir Hæstarétt 1. þ. m., óskaði umboðsmaður aðaláfrýjenda eftir frekari fresti, þar sem sér hefði eigi unnizt tími til að ljúka ágripi dómssgerða né afla nauðsynlegra framhaldsgagna. Gagnáfrýjandi synjaði þeirri beiðni. Að venju kvað Hæstiréttur þá á um framlagningu skriflegra greinargerða frá aðiljum um ágreiningsefnið og veitti í því skyni frest til 4. þ. m. Var greinargerðum þessum skilað á tilskildum degi, en áður hafði umboðsmaður aðaláfrýjenda afhent Hæstarétti dómssgerðir málsins svo og ágrip dómssgerða, sem hann einn hafði látið gera. Eftir að Hæstiréttur hafði ákveðið, að málið skyldi flutt munnlega í heild, hefur umboðsmaður aðaláfrýjenda og lagt fram nokkur ný gögn.

Það er að vísu ljóst, að af hálfu aðaláfrýjenda hefur eigi verið gætt sem skyldi ákvæða 41. og 42. gr. laga nr. 57/1962 um greiðan málflytning og sameiginlega gerð ágríps. Þegar þess er hins vegar gætt, að sérstök forföll réttlæta að nokkru töf á gerð ágríps og viðbrögð á síðustu stundu af hálfu umboðsmanns aðaláfrýjenda hafa leitt til þess, að Hæstiréttur getur nú þegar tekið málið til efnislegrar úrlausnar, þykja ekki næg efni til að sinna frávisunarkröfu gagnáfrýjanda.

## II.

Aðaláfrýjandinn Hulda Aradóttir hafði keypt hina fjárunnumdu íbúð og fengið afsal fyrir henni 11. febrúar 1962. Það afsal var þinglesið 5. júní s. á.

Fógeta hafa orðið á mörg og stórfelld glöp um framkvæmd hinnar áfrýjuðu fjárnámsgerðar:

Fyrst og fremst varð fjárnám ekki framkvæmt 9. apríl 1962 til tryggingar dómsskuld þeirri, sem um er að tefla,

þar sem liðinn var frestur sá frá birtingu dómsins, er getur í 9. gr. laga nr. 19/1887, og öðrum skilyrðum samkvæmt greininni ekki fullnægt.

Samkvæmt vætti vitnis, aðiljaskýrslu gagnáfrýjanda fyrir dómi og yfirlýsingu hans fyrir Hæstarétti svo og öðrum framlögðum gögnum mun hin áfrýjaða gerð og eigi hafa farið fram með þeim hætti, sem fógæti hefur fært til bókar. Þannig mun gerðin eigi hafa farið fram að Mávahlíð 15, Svava Gísladóttir, sem talin er hafa verið viðstödd þinghaldið, var það ekki, og er þannig rangt bókað um yfirlýsingu af hennar hendi og áskorun til hennar, og loks munu vottar þeir, sem tilgreindir eru, eigi hafa verið viðstaddir gerðina, heldur hafa ritað nöfn sín síðar í fógætabókina. Hefur að þessu leyti verið brotið mjög gegn ákvæðum 2. gr. og III. kafla laga nr. 19/1887 um rétta framkvæmd aðfarar.

Allar þessar stórfelldu misfellur leiða til þess að ómerkja ber hina áfrýjuðu fjárnámsgerð.

Þá ber og að dæma gagnáfrýjanda til að greiða aðaláfrýjendum málskostnað í Hæstarétti, sem eftir atvikum ákveðst kr. 2000.00.

#### Dómsorð:

Hin áfrýjaða fjárnámsgerð er ómerkt.

Gagnáfrýjandi, Kristján Eiríksson, greiði aðaláfrýjendum, Jóhanni Þorsteinssyni og Huldu Aradóttur, kr. 2000.00 í málskostnað í Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

#### Fjárnámsgerð fógætaréttar Reykjavíkur 9. apríl 1962.

Ár 1962, mánudaginn 9. apríl, var fógætaréttur Reykjavíkur settur að Mávahlíð 15 og haldinn þar af Viggó Tryggvasyni, fulltrúa borgarfógeta, ásamt undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið: Málið A-41/1962 Kristján Eiríksson gegn Jóhanni Þorsteinssyni.

Fógæti leggur fram nr. 1, gerðarbeiðni, nr. 2, birtan dóm bæjarþings Reykjavíkur, nr. 1073/1961.

Gerðarbeiðandi er sjálfur mættur og krefst fjárnáms fyrir kr. 5000.00 með 9% ársvöxtum frá 18/12 '60 til greiðsludags,  $\frac{1}{3}$ % í þóknun, kr. 12.00 í stimpilkostnað og kr. 1500.00 í málskostnað, auk kostnaðar við fjárnám og uppboð.

Fyrir gerðarþola er mætt Svava Gísladóttir, er hér býr, og kveðst hún ekki greiða skuldina.

Síðan lýsti fógæti samkvæmt kröfu gerðarbeiðanda fjárnámi í eignarhluta gerðarþola, sem er  $\frac{10}{29}$  hlutar af 15% heildarverðmæti húseignarinnar nr. 15 við Mávahlíð, og skýrði þýðingu þess. Ennfremur brýndi hann fyrir mætttri að skýra gerðarþola frá fjárnáminu.

Uppl. játað. Gerðinni lokið. Rétti slitið.

V. Tryggvason ftr.

Vottar:

H. Herbertsdóttir

G. Thorarensen.

Mánudaginn 25. marz 1963.

Nr. 142/1962. **Rósa Einarsdóttir persónulega og f. h. dánarbús Skarphéðins Jósefssonar**

(Ragnar Ólafsson hrl.)

gegn

**Vélsmiðjuni Héðni h/f og gagnsök**

(Benedikt Sigurjónsson hrl.).

D ó m e n d u r :

hæstaréttardómararnir Árni Tryggvason, Jónatan Hallvarðsson, Lárus Jóhannesson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Ármann Snævarr.

Skaðabótamál.

### Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 25. október 1962. Krefst hún þess, að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða kr. 724.802.79 með 6% ársvöxtum frá vöxtum frá 30. janúar 1959 til 22. febrúar 1960, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 28. desember s. á. og 7% árs-